

Nd.

526. Nefndarálit

[193. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við meðferð frumvarpsins í efri deild voru fluttar breytingartillögur, sem þingflokkur Alþýðuflokksins mótaði, og eru þær endurfluttar nú að einni tillögu viðbættri. Er það tillaga um að sami háttur verði hafður á um útgáfu skattskrár og áður var — þ. e. a. s. að skattskrár verði út gefnar þegar eftir álagningu, en ekki bæði með útgáfu þeirra þar til kærufrestur er liðinn og úrskurði kærumála lokið. Reynslan á því eina ári, sem liðið hefur frá því að breyting var gerð á því fyrirkomulagi sem nú er gerð tillaga um að horfið verði að að nýju, hefur vægast sagt ekki orðið góð. Skattskrá síðasta árs er enn ekki út komin svo ógerningur er að gera sér grein fyrir álagningunni þótt margir mánuðir séu nú liðnir síðan hún fór fram. Þar með hefur verið kippt burt því aðhaldi og þeim upplýsingum, sem útgáfa skattskrár veitti og á að veita. Þótt ýmislegt megi að því finna að gefa skattskrá út strax að álagningu lokinni og áður en úrskurðað er um kærur er eindregin skoðun 3. minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar, að þeir ágallar séu hverfandi samantborið við hitt, að útgáfa skattskrár dragist í marga mánuði, jafnvel í mörg misseri, eftir að álagning hefur farið fram. Um önnur atriði í breytingartillögum þingflokks Alþýðuflokksins við frumvarpið visast til nefndarálits 2. minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar.

Í meðferð málsins milli 2. og 3. umræðu í efri deild og í neðri deild hafa nokkrar upplýsingar komið fram um aðgerðir stjórnvalda, sem ekki lágu fyrir þegar um málið var fjallað í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar milli 1. og 2. umræðu. Einkum er hér um tvennt að ræða: Í fyrsta lagi viðbrögð ríkisstjórnarinnar við mjög harðri gagnrýni Alþýðuflokksins og annarra stjórnarandstæðinga á þá fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að láta kauplækkunina 1. mars s. l. koma fram gagnvart bótaþegum almannatrygginga, en þingmenn Alþýðuflokksins í efri deild fluttu tillögu um að svo yrði ekki og er hún endurflutt nú. Annað atriðið, sem nýtt hefur fram komið, eru fréttir af áformum ríkisstjórnarinnar um nokkra lækkun á tekju-sköttum og sjúkratryggingagjaldi.

Um fyrra atriðið er það að segja, að bæði ráðherrar og stuðningsblöð ríkisstjórnarinnar gáfu mjög villandi upplýsingar um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við tillöguflutningi stjórnarandstæðinga um að kauplækkun ríkisstjórnarinnar yrði ekki líka látin ná til bótaþega almannatrygginga. Í ræðu í efri deild Alþingis og síðar í blaðaviðtali fór félagsmálaráðherra bókstaflega rangt með þegar hann lét á sér skilja að bætur elli- og örorkulífeyrisþega, sem hafa tekjutryggingu, væru hækkaðar um 14.6% samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þessi fullyrðing er röng. Aðeins tekjutryggingaþáttur lífeyrisins var hækkaður sem þessu nam, en alls ekki sá hluti hans sem er almennur elli- og örorkulífeyrir. Sá hluti var aðeins hækkaður um u. þ. b. 6%, svo heildarhækkun á lífeyri elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, reyndist miklu minni en félagsmálaráðherra og stjórnarblöðin hrósuðu sér af — eða ekki mikið umfram 10%. Þá hefur ríkisstjórnin ekki heldur gert neitt til þess að létta kaupskerðingunni af öðrum bótaþegum trygginganna þannig að u. þ. b. 4 af hverjum 5 bótaþegum almannatrygginga verða að bera kauplækkun ríkisstjórnarinnar óskerta.

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fella niður 1.5% af sjúkratryggingagjaldi og lækka nokkuð tekjuskatt kemur að hennar sögn til með að lækka þessa skatta

sem nemur 10 milljörðum gamalla kr. á gjaldendum. Á þeim forsendum hefur ríkisstjórnin fengið ýmsa menn til þess að trúa því og fallast á, að skattalækkunin muni auka ráðstöfunartekjur tiltekinna launahópa um sem nemur 1.5% í kaupum.

En ekki er allt sem sýnist. Ef miða á við s.l. ár og gera ráðstafanir með skattalækkunum, sem nema ígildi 1.5% í launum, er auðvitað ekki nóg að líta aðeins á tvo afmarkaða skatta eina sér og vega aðgerðir á þeim sviðum sem ígildi kaupviltunnar til tiltekinna launahópa miðað við óbreytta skattbyrði þeirra skatta frá árinu áður — því hvað um aðra beina skatta, sem á fólk hafa verið lagðir? Hafa þeir aukist um jafnmikið eða meira en nemur þeirri breytingu, sem gera á á sjúkratryggingagjaldinu og tekjuskattinum? Sé svo, þá eru þær breytingar auðvitað ekki ígildi launabóta miðað við fyrra ár því þær launabætur hafa þá fyrir fram verið teknar aftur með hækkunum annarra beinna skatta. Og það er einmitt þetta, sem ríkisstjórnin er að gera. Menn verða auðvitað í þessu sambandi að skoða alla beina skatta, sem á eru lagðir, og jafna þeim við óbreytta skattbyrði þeirra s.l. ár, og sé það gert kemur í ljós að miðað við skattvísitöluna í fjárlögum ríkisstjórnarinnar og lögin, eins og þau liggja fyrir, stefndi ríkisstjórnin að hækkun beinna skatta á einstaklingum um a. m. k. 11 milljarða gamalla króna umfram óbreytta skattbyrði frá því á s.l. ári. Þessir 11 milljarðar eru því eins konar „startgjald“ sem greiða verður áður en hægt er að fara að ræða um breytingar á skattbyrði beinna skatta miðað við skattbyrði fyrra árs og jafna slíkum breytingum við ígildi kauphækkana. Sú 10 milljarða kr. lækkun, sem ríkisstjórnin fyrirhugar á sjúkratryggingagjaldi og tekjuskatti, nægir því ekki einu sinni til þess að ná skattbyrði beinna skatta niður í að vera sú hin sama 1981 og hún var 1980. Til þess að ná fram breytingum, sem eru ígildi 1.5% í kaupum, eins og ríkisstjórnin talar um, þyrfti því að lækka beinu skattana um 22—24 milljarða kr., en það er einmitt slík tillaga, sem 3. minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar flytur í umboði þingflokks Alþýðuflokksins.

Þá fylgja nefndarálitum þessu 4 fylgiskjöl, sem sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á. Í þeim er sýnt fram á hvernig forustuflokkur ríkisstjórnarinnar, Alþýðubandalagið, leikur hlutverk kamelljónsins í íslenskum stjórnámálum og breytir um lit eftir umhverfinu — hefur eina skoðun í stjórn en aðra í stjórnarandstöðu. Eru Alþýðubandalagsmenn og þá einkum einn þingmanni þess kallaðir til vitnis í því sambandi og vitnað til ummæla þeirra um sambærilega hluti — annars vegar þegar flokkurinn var í stjórnarandstöðu og hins vegar nú, þegar flokkurinn er í stjórn.

Þá er einnig í fylgiskjöllum þessum sýnt fram á hversu mikið vantar nú á að við þau fyrirheit hafi verið staðið, sem Alþýðubandalagið hátíðlega gaf kjósendum einn íslenskra stjórnarálflokka um að ef það kæmist til áhrifa á stjórn landsins mundu „Sólstöðusamningarnir“ frá 1977 tafarlaust settir í gildi. „Atkvæði greitt Alþýðubandalaginu skilar tafarlausum árangri,“ var sagt orðrétt í því sambandi. Og því er nú aldeilis fyrir að fara — eða hitt þó heldur! Til þess að svo hafi orðið vantar venjulegan hafnarverkamann hjá Dagsbrún nú tæplega 800 þúsund krónur upp á kaupum sitt, og með síðustu aðgerðum Alþýðubandalagsins, bráðabirgðalögum frá því um áramót, er líðlega 80 þúsund krónum bætt þar við og samsvarar heildarupphæðin, sem Dagsbrúnarverkamanninn vantar á kaupum sitt svo staðið sé við loforð Alþýðubandalagsins, þá hvorki meira né minna en því að hann vinni róska þrjá mánuði kauplaust fyrir kommana!

Ýmsar fleiri athyglisverðar upplýsingar koma fram í nefndarálitinu, sem mikið erindi eiga við allt fólk í landinu, ekki sist verkafólk og aðra launþega.

Alþingi, 17. mars 1981.

Sighvatur Björgvinsson.

Fylgiskjal I.

ÞEIRRA EIGIN ORÐ.

Alþýðubandalagið er sá flokkur íslenskur, sem leikur hlutverk kamelljónsins — skiptir um lit eftir umhverfi. Í stjórnarandstöðu gerist hann málsvari allra kröfugerðarafla hvar sem er um hvað sem er. Alls staðar þar sem óánægja bærir á sér er Alþýðubandalagið óðara komið og býður betur:

Þú átt ekki að biðja, þú átt að heimta!

Þú átt ekki að heimta, þú átt að taka!

Þú átt ekki að taka, þú átt að hrifsa!

Um leið og Alþýðubandalagið er komið til áhrifa í ríkisstjórn bregður það litum. Þá má hvorki hrifsa, taka, heimta né biðja.

Þessi flokkur, sem ýtir ávallt undir ókyrrð á vinnumarkaði, er ætíð reiðubúinn til þess að ganga fram fyrir skjöldu og beita áhrifum sínum til þess að hvetja til verkfalla og vinnustöðvana, löglegra sem ólöglegra, sé hann í stjórnarandstöðu — hann hefur aldrei í ríkisstjórn sett virðingu fyrir gerðum kjarasamningum framar völdum. Alþýðubandalagið hefur aldrei gert launamálin að fráfararatriði í ríkisstjórn.

Þannig var það ekki Alþýðubandalagið sem tók undir með Alþýðusambandi Íslands í andstöðu við kaupránslög ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1974, heldur Samtök frjálslyndra og vinstri manna — Alþýðubandalagið sat sem fastast.

Þannig var það ekki heldur Alþýðubandalagið, sem mat trúnað við stefnu sína og loforð meira en völdin haustið 1979, heldur Alþýðuflokkurinn.

Og þannig hefur það ekki heldur verið Alþýðubandalagið, sem nú um áramótin hefur metið virðingu fyrir nýgerðum kjarasamningum framar völdunum, og stendur það því að riftun á samningum með lögum aðeins fáum vikum eftir að fjármálaráðherra Alþýðubandalagsins undirritaði þá samninga með eigin hendi.

Það er því ekki tilviljun, að Framsóknarflokkurinn og stuðningsmenn Gunnars Thoroddsens hafa komist að þeirri niðurstöðu, að forsenda þess, að hægt sé að beita verkalýðshreyfinguna lögbvingunum, sé að Alþýðubandalagið sé í ríkisstjórn. Þessi niðurstaða er ekkert leyndarmál. Samstarfsmenn Alþýðubandalagsins í núverandi ríkisstjórn liggja ekki á henni. Þeir segja hana þvert á móti hverjum sem heyra vill: Að ástæðan fyrir því, að Alþýðubandalagið sé haft með, sé að öðruvísi sé ekki hægt „að hemja“ verkalýðshreyfinguna. Hlutverk verkalýðsforingja Alþýðubandalagsins er að vera skiptimynt við stjórnarmyndanir. Eigi að sniðganga Alþýðubandalagið við stjórnarmyndanir er hótáð með þessum mönnum. Séu Alþýðubandalaginu boðnir ráðherrastólar eru þessir menn boðnir í býtti.

Þessum staðreyndum má ekki gleyma. Þær mega ekki liggja í láginni. Einmitt þess vegna er hér á eftir brugðið á það ráð að vitna í þeirra eigin orð um sambærilega atburði, en frá ólíkum tímum, til þess að vekja athygli á litbrigðum kamelljónsins.

Spegilfigursta skiptimynt Alþýðubandalagsins í hrossakaupum þess um ráðherrastólana hefur að undanfögnu verið formaður Verkamannasambands Íslands. Honum er í þessu samhengi helgaður sérstakur þáttur hér á eftir — aðeins til þess að gefa mönnum tækifæri til að þreifa eftir höndum Esaús þótt þeir haldi sig vera að hlusta á rödd Jakobs.

1978:

Kauprán með valdboði.

22. júní 1977 og 25. okt. sama ár voru undirritaðir samningar við ASÍ (sólstöðusamningarnir) og BSRB. Þáverandi ráðherrar áttu afgerandi hlut að báðum samningunum, en með þeim fengust nokkrar leiðréttingar vegna mikilla kaupmáttarskerðinga undanfarinna missera.

9. febrúar 1978 lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp til laga um að rifta með valdboði þeim kjarasamningum, sem hún sjálf hafði átt aðild að og undirritað, og lækka kaup launafólks með lögum.

1981:

Kauprán með valdboði.

20. ágúst 1980 og 27. okt. sama ár voru undirritaðir samningar við BSRB og ASÍ. Ríkisstjórnin var beinn aðili að þeirri samningagerð og undirrituðu ráðherrar kjarasamngana, en með þeim fengust óverulegar leiðréttingar á miklum kaupmáttarskerðingum síðustu missera.

Á gamlársdag 1980 setti ríkisstjórnin bráðabirgðalög, sem afnámu hina nýgerðu kjarasamninga með einhliða valdboði og lækkuðu laun fólks í landinu.

1978:

Alþýðubandalagið samræmir stefnuna.

„Alþýðubandalagið samræmir stefnuna gegn aðför ríkisstjórnar: **Kalla saman 200 manna verkalýðsráð sitt:**

Þegar allt ráðið kemur saman eins og meiningin er að verði 18. febrúar n. k., verður það nánast eins og ráðstefna, sagði Benedikt (Davíðsson þáverandi formaður verkalýðsráðsins). Okkur finnst vera sérstaklega áriðandi núna á þessu augnabliki eða tímamótum að kalla ráðið saman þar sem sýnt er að ríkisstjórnin er að undirbúa aðför að kjarasamningum.“

(Þjóðviljinn 9. febr. 1978).

1981:

Fundarfall.

Ekki verður séð í dagblaðinu Þjóðviljanum í janúar, febrúar og mars 1981, að ástæða hafi þótt til að boða verkalýðsmálaráð Alþýðubandalagsins þá saman til fundar.

1978:

Grófustu svik — ósvífnasta árás.

„Þetta er stórkostleg árás á kjör alls almennings í landinu.“

„Þetta eru grófustu svik á gerðum samningum um kaup og kjör; samningum, sem ríkisstjórnin hefur staðið að.“

„Þetta er ósvífnasta árás um langt skeið á verkalýðshreyfinguna og öll samtök launafólks í landinu. Með frumvarpi sínu varpar ríkisstjórnin stríðshanska að verkalýðshreyfingunni, sérhverju heimili á Íslandi.“

(Þjóðviljinn 16. febrúar 1978).

1981:

„Slétt skipti.“

„Hér er því um að ræða niðurstöður sem Alþýðubandalagið styður, enda væri annað algjörlega fráleitt við þær aðstæður sem nú eru í landinu.

Hér hefur verið staðnæmst við verðbótaákvæði á laun. Niðurstaðan er sú, að kaupmáttur verður að jafnaði svipaður og að óbreyttu — „Slétt skipti“ hafa verið gerð.

(Svavar Gestsson, félagsmálaráðherra, Þjóðviljanum 3. janúar).

1978:

Foringi með reisu ...

„Geir Hallgrímsson gerði síðan grein fyrir tillögum ríkisstjórnar, sem þegar höfðu verið ákveðnar ... Þegar hér var komið töldum við ekki ástæðu til að hlýða á fleiri málalengingar og gengum út og var fátt um kveðjur.“

(Björn Jónsson forseti A.S.Í., í viðtali við Þjóðviljann 16. febrúar 1978).

1981:

... og annar.

„Eins og ég sagði áðan hefur hvorki gefist tóm til þess að skoða yfirlýsinguna og bráðabirgðalögin vandlega né ræða þetta við mína féлага innan sambandsins. Ég tel því rétt að biða með frekari yfirlýsingar þar til málið verður rætt í miðstjórn, en það verður gert í næstu viku.“

(Ásmundur Stefánsson, forseti A.S.Í., í Þjóðviljanum 3. janúar).

— — —

1978:

„Alþingi götunnar.“

Nú þarf að kveðja til „Alþingi götunnar“, fólkið sjálft, til þess að sýna fram á þá pólitísku staðreynd, að á Íslandi á ekki að vera unnt að stjórna með kaupkúunarlögum í andstöðu við verkalýðshreyfinguna.

„Alþingi götunnar“ þarf að sýna hrokagikkjum valdsins við Austurvöll hver það er sem ræður ...“

(Svavar Gestsson, frambjóðandi til Alþingis, í leiðara Þjóðviljans 11. febrúar 1978).

1981:

Hrokagikkir valdsins.

Hrokagikkur valdsins, Svavar Gestsson, ráðherra Albýðubandalagsins, setur bráðabirgðalög um 7% launalækkun fram hjá báðum — Alþingi Íslendinga og „Alþingi götunnar“.

— — —

1978:

Að svíkja.

„Hvernig á verkalýðshreyfingin að eiga samvinnu við ráðherra, sem beita pólitísku valdi sinu og svíkja á grófasta hátt mikilvægustu samninga sem þeir sjálfir undirrituðu fyrir örstuttu.“

(Leiðari Þjóðviljans 12. febrúar 1978).

1981:

Eitt teboð.

Fram hefur komið, að eina samráðið, sem fram fór milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar fyrir setningu kaupránslaganna, var eitt teboð í ráðherrabústaðnum í boði forsætisráðherra.

— — —

1978:

Burt með þá valdsmenn!

„Burt með ríkisstjórnina! Burt með ráðherra sem svíkja í dag þá samninga, sem þeir gerðu í gær um kaup verkalýðs! Burt með þá valdsmenn úr stjórnarráðinu og Alþingi sem nota sitt pólitíska vald til þess að níða niður umsamin lífskjör venjulegs launafólks, en hlaða undir braskarastéttina, gróðaklærnar og svindl-
aralýðinn.“

(Leiðari Þjóðviljans 12. febr. 1978).

1981:

Húsbóndahollusta.

„Þjóðviljinn er ráðherrahollt blað.“
(Einar Karl Haraldsson, ritstjóri, í Þjóðviljanum).

— — —

1978:

Ólög.

Í samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands birtri í gær eru það lýst ÓLÖG, sem ríkisstjórnin hyggst nú setja. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hvetur öll verkalýðsfélög til að segja upp kjarasamningum fyrir 1. mars n. k. Þeim uppsögnum þurfa að fylgja hinar hörðustu aðgerðir.

(Þjóðviljinn 12. febr. 1978).

1981:

„Að vinna tíma.“

„Miðstjórnarfundur A.S.Í. um bráðabirgðalögin:

AÐGERÐIRNAR TILRAUN TIL ÞESS AÐ VINNA TÍMA.“

(Þjóðviljinn 9. janúar 1981).

1978:

Að kyssa vöndinn.

„Vitaskuld er fráleitt eftir þá reynslu, sem fengist hefur, að nokkur launamaður skuli kjósa stjórnarflokkana framar. . . . Sá launamaður sem kys stjórnarflokkana, er að kyssa vöndinn . . .“

(Þjóðviljinn 25. apríl 1978).

1981:

Þjóðin er með oss.

Skoðanakönnun Dagblaðsins um aðgerðir stjórnarinnar:

„70% STYÐJA.“

Séu þessar niðurstöður bornar saman við úrslit síðustu Alþingiskosninga, þá samsvara þau 68.2%, sem nú segjast styðja efnahagsaðgerðirnar, öllu fylgi Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins að viðbættu 60% af fylgi Sjálfstæðisflokksins.“

(Þjóðviljinn 15. janúar 1981).

Lokaorð:

Þessum tilvitnunum mætti sem best ljúka með eftirfarandi ívitnun í leiðara Þjóðviljans frá 7. janúar s. l.

„Það er ekki oft sem Þjóðviljinn sér ástæðu til að taka undir með Morgunblaðinu, en það er vitanlega laukrétt hjá Mogganum núna þegar hann segir í forystugrein að efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar standi og falli með framkvæmdinni Svo vill til, að mörg þessara mála, sem þarfnast útfærslu á næstu vikum, eru á verkswiði ráðherra Framsóknarflokksins.“

(Leiðari Þjóðviljans miðvikudaginn 7. janúar).

Það er oft öruggara að hafa vaðið fyrir neðan sig!

GUÐMUNDAR ÞÁTTUR J.

1978:

Að brugga launráð.

„Menn tala um að traust almennings fari dvinandi á alls konar verðmæti, en hvernig halda menn að fari á þessum ósköpum traust manna á stjórnvöldum?

Ríkisstjórnin samdi við A.S.Í. s. l. sumar, B.S.R.B. s. l. haust, og hún gekk frá fjárlögum um áramótin án þess að taka á móti ábendingum. Það er greinilegt á þessum viðbrögðum stjórnarflokka nú og svokölluðum „leiðum“ þeirra, að ríkisstjórnin hefur bruggað verkalýðshreyfingunni launráð um leið og samið var við A.S.Í og B.S.R.B. Á sama tíma og skrifað var undir kjarasamninga voru undirbúin launráð um að reyna að svipta launamenn ávinningi kjarasamninganna.“

(Guðmundur J. Guðmundsson, framhjódandi til Alþingis, í Þjóðviljanum 7. febrúar 1978).

1981:

Orð eru til alls fyrst.

Ríkisstjórnin samdi við A.S.Í. í haust, B.S.R.B. í sumar og gekk frá fjárlögum án þess að taka við ábendingum. Síðan afnam hún þetta allt með bráðabirgðalögum um áramótin.

Í Þjóðviljanum í janúar, febrúar og mars eru ekki finnanleg nein ummæli frá Guðmundi J. Guðmundssyni um þær aðgerðir!

Hann hefur haft um annað að hugsa.

1978:

Réttur til gagnaðgerða.

Að frumkvæði formanns Verkamannasambands Íslands, Guðmundar J. Guðmundssonar, var framkvæmdastjórn Verkamannasambandsins kölluð saman miðvikudaginn 8. febrúar 1978 til þess að ræða lausafregnir um aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Samkv. frásögn Þjóðviljans 19. febrúar 1978 var gerð samþykkt á fundinum þar sem ríkisstjórnin er mjög alvarlega vörud við að rifta þegar gerðum samningum og tekið fram, að Verkamannasamband Íslands áskilji sér rétt til allra gagnaðgerða.

1981:

Fleira ekki fyrir tekið.

Formanni V.M.S.Í., Guðmundi J. Guðmundssyni, þótti ekki ástæða til að kalla framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands til fundar á nýju ári fyrr en 5. febrúar s. l. Þar voru bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar ekki á dagskrá.

Annar fundur í framkvæmdastjórn V.M.S.Í. var 18. febrúar s. l. Þar voru bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar ekki á dagskrá.

Þriðji fundur V.M.S.Í. var 3. mars s. l. Þar voru bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar ekki á dagskrá.

1978:

Rísun upp gegn ólögnum.

„Mig langar að lokum til þess að biðja alla launþega, hvar í flokki sem þeir standa, að leggja öll deilumál til hliðar um stund og sameinast sem einn maður og rísa upp gegn þessum ólögum, gera með því kröfuna um afnám þeirra og að kjarasamningar taki aftur gildi svo sterka, að ríkisvaldið geti ekki staðið gegn því.“

(Guðmundur J. Guðmundsson, framhjódandi til Alþingis, í viðtali við Þjóðviljann 25. febrúar 1978).

1981:

Að hugleiða málið?

Þingmaðurinn hefur ekki lýst skoðun sinni opinberlega. Hann er kannske að hugleiða málið?

1978:

„Svona fals og lygar.“

„Í annan stað vil ég benda á að heiðarlegasta fólk þessa lands er hinn venjulegi alþýðumaður, og það hefur fram til þessa litið svo á, að samningar, sem það gerir, séu löglegir og heiðarlegir samningar.

En þegar svo er svikist aftan að því og það rænt umsömdum kjarabótum, sem aðilar hafa samþykkt í frjálsum samningum, þá stríðir slíkt gegn stéttarvitund þess . . .

Svona fals og lygar stríða gegn réttarvitund fólks og þess vegna mótmælir það nú, vitandi það, að ef ekki verður mótmælt og kröftuglega, þá fylgir frekari kjaraskerðing í kjölfarið eins og raunar hefur verið lýst yfir af ráðherrum.“

(Guðmundur J. Guðmundsson, framhjódandi til Alþingis, í Þjóðviljanum 28. febrúar 1978).

1981:

Orðvar alþingismaður.

Um málið hefur þingmaðurinn í Þjóðviljanum þetta haft að segja:

Í janúar: Ekkert.

Í febrúar: Ekkert.

Í mars: Ekkert.

1978:

Spillingin kemur að ofan.

„Í hugum alþýðufólks eru samningar skuldbindandi. Almennu alþýðufólk litur á samning þannig að honum megi ekki rifta eða hlaupast frá. Það kemst ekki upp með að greiða ekki skatta sína og skyldur né að neita að greiða af íbúðum sínum eða öðru sem það festir kaup á. En stjórnvöld hafa á þessu aðrar skoðanir, enda kemur spillingin ætíð ofan frá.“

(Guðmundur J. Guðmundsson, framhjódandi til Alþingis, í ræðu 1. maí 1978).

1981:

Hvaðan nú?

Hvaðan kemur hún nú? Um það þegir þingmaðurinn.

1978:

Að ferja mann.

„Það er verið að berjast um meir en 5%, það er verið að berjast um rétt verkalýðsfélaganna til samningsgerðar. Ætlið þið að flytja kóngsins mann yfir Skerjafjörð?“

(Guðmundur J. Guðmundsson, framhjódandi til Alþingis, í 1. maí ræðu 1978).

1981:

Ferjumaður ríkisstjórnarinnar.

Hver ferjar nú hvern — og hvert?

1978:

Lítum á siðferðið.

„Lítum aðeins nánar á siðferðið í þessum ráðstöfunum: Ráðherrar og aðrir æðstu valdsmenn fá milli 40—50 þús. kr. hækkun á verðlagsbætur fyrir marsmánuð. Almenn fólki fær 6—7 þús. kr. og á það undir óskiljanlegri reglugerð, hvort það kemst upp í 9 þús. kr., og á sama tíma og kjör aldraðra og öryrkja eru skert og láglaunafólks í landinu, þá heyrir maður og jafnvel horfir á í sjónvarpi valdsmenn karpa um það sín í milli hvort þeir hafa tæpa eða röska milljón á mánuði. . . .“

Þetta skeður sömu daga og þessir menn í baráttunni gegn verðbólgunni skerða ellilaun, örorkubætur og laun stritandi láglaunafólks. Dæmið þið sjálf um siðferðið.“

(Guðmundur J. Guðmundsson, framhjódandi til Alþingis, í 1. maí ræðu 1978).

1981:

Æpandi þögn.

Fá ekki ráðherrar margfaldar verðlagsbætur á við láglaunafólk þegar kjör þess eru nú skert? Nær ekki sú skerðing einnig til aldraðra og öryrkja? Hvað um siðferðið, þingmaður?

Svar: Þögn — æpandi þögn.

1978:

Látum ekki undan.

„Stærstu sigrar okkar hafa verið unnir með því að láta ekki undan.“

Samningar okkar hafa verið sviknir, við megum ekki láta undan í baráttunni fyrir því að þeir verði aftur í gildi.“

(Guðmundur J. Guðmundsson, framhjódandi til Alþingis, í 1. maí ræðu 1978).

1981:

Slétt skipti!

Slétt skipti á hverju — 7% launalækkun hjá almenningi og 3 ráðherrastólum fyrir Alþýðubandalagið?

MOTTÓ:

„RÖDDIN ER RÖDD JAKOBS EN HENDURNAR ERU HENDUR ESAÚS“.

Fylgiskjal II.

„SAMNINGANA Í GILDI“!

AÐDRAGANDI . . .

„Kosningar eru kjarabarátta.“

„Felli launamenn núverandi ríkisstjórn, efli þeir Alþýðubandalagið að miklum mun, er unnt að grípa til samfelldra efnahagsráðstafana sem koma niður á verðbólgu- og milliliðafjárfestingunni, tryggja líf skjörin með aukinni samneyslu og auknum kaupmætti og vinna bug á verðbólgunni. Valið er kjósendanna í vor. Kosningar eru kjarabarátta — kjarabarátta sem snýst um pólitísk grundvallaratriði.“

(Þjóðviljinn í leiðara 25. apríl 1978.)

Eina leiðin.

„Eina leiðin til þess að stöðva áform kaupránsaflanna er að fylkjast um Alþýðubandalagið, pólitískt einingarafli íslenskra launamanna“.
(Leiðari Þjóðviljans 8. júní 1978.)

Kjörseðill vopn í kjarabaráttu.

„Nú sést svart á hvítu að kjörseðillinn er vopn í kjarabaráttu.“
(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í Þjóðviljanum 13. júní 1978).

Tafarlaus árangur.

„Val kjósenda á sunnudaginn kemur:
Alþýðubandalagið eða ríkisstjórnin.
Atkvæði greitt Alþýðubandalaginu skilar tafarlausum árangri.“
(Þjóðviljinn þriðjudaginn 20. júní 1978).

Samningarnir í gildi.

„Sigur í kosningunum á sunnudaginn, sigur fyrir Alþýðubandalagið, tryggir samningana í gildi á ný.“
(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í Þjóðviljanum 23. júní 1978).

Á morgun.

„Vinni Alþýðubandalagið kosningasigur er kaupránsmúr stjórnarflokkanna hruninn.“
(Þjóðviljinn 25. júní 1978).

Enginn má undan líta.

„Vonandi mun enginn iðrast þess í fyrramálið hvernig hann greiddi atkvæði í dag.“
(Svavar Gestsson, frambjóðandi til Alþingis, í Þjóðviljanum á kosningadag 1978).

— — —

... OG ENDIR

Og sigurinn vannst! Afleiðingarnar urðu meðal annars þær, að Alþýðubandalagið fór í ríkisstjórn og hefur setið þar síðan. Og hvað um „Sólstöðusamningana“ — samningana frá 1977? Voru þeir ekki umsvifalaust teknir í gildi?

Nei — mikið vantar á að svo sé.

Hér á eftir verða rakin dæmi um hversu mikið vantar á að samningarnir frá 1977 séu komnir í gildi. Annað dæmið fjallar um almennt kaup verkamanna, en hitt um tiltekinn launahóp.

AÐ VINNA KAUPLAUST FYRIR KOMMÚNISTA.

Í Þjóðviljanum 28. febrúar 1978 birtist forustugrein undir nafninu:

„Ætlar þú að vinna kauplaust fimm til sex vikur fyrir Geir?“

Í þessari forustugrein voru leiddar að því líkur að kaupránslæg þáverandi ríkisstjórnar jöfnuðust á við að 5–6 vikna laun væru af mönnum höfð.

En hversu mikið skyldi vanta á, að Alþýðubandalagið hafi staðið við loforð sitt við kjósendur um að setja „Sólstöðusamningana“ frá 1977 í gildi ef það ynni sigur í kosningum?

Sá reikningur verður skráður hér á eftir, líð fyrir líð. Reikningurinn er gerður í nafni Jóns Jónssonar, verkamanns í Dagsbrún, sem tekur laun skv. þriðja taxa

Dagsbrúnar eftir fjögur ár og vinnur aðeins átta stundir á dag fimm daga vikunnar. Verður nú rakið hér á eftir hvað Jón Jónsson, hafnarverkamaður, hefði átt að vera búinn að fá í laun skv. loforði Alþýðubandalagsins og hvað hann raunverulega fékk.

Með „Sólstöðusamningunum“ var Jóni Jónssyni tryggt kaup fyrir fjörutíu stunda dagvinnu sem nam á mánuði 1. júlí 1977 97 059 kr. 1. september 1978 var kaup þetta komið í 154 775 á mánuði. Þá var Alþýðubandalagið komið í ríkisstjórn. Eftir það hefur Jón Jónsson fengið kaup greitt eins og hér segir og er þar bæði sýnt hvað Jón Jónsson fékk og hvað hann hefði átt að fá miðað við, að „Sólstöðusamningarnir“ hefðu verið látnir taka gildi:

Timabil	Fékk í laun	Átti að fá í laun	Vangreitt
1/12 1978	164 247	172 001	7 754
1/3 1979	175 580	183 869	8 289
1/6 1979	195 596	207 288	11 692
1/7 1979	201 464	213 507	12 043
1/9 1979	219 938	235 883	15 945
1/12 1979	248 991	270 248	21 257
1/3 1980	265 600	291 733	26 133
1/6 1980	296 675	329 776	33 101
1/9 1980	322 100	362 334	40 234
1/11 1980	354 285	398 539	44 254
1/12 1980	388 013	441 718	53 705
1/3 1980	411 100	498 935	87 835

Skv. þessu gerir Jón Jónsson, hafnarverkamaður í Reykjavík, svohljóðandi:

REIKNING

Til Alþýðubandalagsins, c/o Svavar Gestsson formaður. Sökum óuppfylltra loforða um samningana í gildi:

Vangreidd laun f. dagvinnu frá 1. desember 1978 til 1. mars 1981 kr. 659 052
 Dráttarvextir af vangreiddu kaupi kr. 76 951

Alls kr. 736 003

Reikningur þessi er gerður vegna vangreiddra launa fyrir dagvinnu eina saman og nemur því að Jón Jónsson, hafnarverkamaður í Reykjavík, ynni kauplaust fyrir Alþýðubandalagið í 54 daga á núverandi launakjörum hans.

Viku í viðbót.

En þessir 54 kauplausir dagar fyrir Jón Jónsson, hafnarverkamann í Reykjavík, er ekki lengur talið nógu mikið. Með bráðabirgðalögunum um 7% kauplækkun, sem komu til framkvæmda 1. mars s.l., eru dagvinnulaun Jóns Jónssonar enn lækkuð um 27 172 kr. á mánuði. Hann fær þá frá og með 1. mars s.l. 411 100 kr. á mánuði, en hefði átt að fá 438 272 kr. kaup ef kauplækkunin hefði ekki komið til framkvæmda.

Mismunurinn nemur 27 172 kr. á mánuði eða 81 516 kr. á næsta þriggja mánaða verðbótatímabili, en sú kauplækkun samsvarar því að á næstu þremur mánuðum verði Jón Jónsson látinn vinna kauplaust í sex daga til viðbótar þeirri kjaraskerðingu sem hann hefur áður orðið fyrir.

Svona „tafarlausum árangri“ skilar atkvæði greitt Alþýðubandalagi!


Fylgiskjal III.

„TAFARLAUS ÁRANGUR“

„Vinni Alþýðubandalagið kosningasigur er kaupránsmúrinn hruninn.“ „Sigur fyrir Alþýðubandalagið tryggir samningana í gildi.“ „Atkvæði greitt Alþýðubandalaginu tryggir tafarlausan árangur.“

KAUPHÆKKUN VERKAMANNA 1977—1981

Eins og hún varð og eins og hún átti að vera. Mismunur 28.57%



Þrjár tilvitnanir í Þjóðviljann frá því í júní 1978. Hástemmdar yfirlýsingar og hátiðleg loforð um, að séu Alþýðubandalaginu greidd atkvæði svo komist það til áhrifa, þá skuli „sólstöðusamningarnir“ tafarlaust í gildi.

Alþýðubandalagið vann kosningasigur, komst í ríkisstjórn og hefur verið þar síðan. En stóð það við stóru orðin? Nei. Hvað munar miklu? Hér að framan hefur verið sýnt að verkamann, sem unnið hefur dagvinnu skv. 3. taxa Dagsbrúnar, skortir 6590 nýkrónur til þess að svo hafi orðið, sem samsvarar því að hann vinni 54 daga kauplaust, og með kjaraskerðingunni 1. mars hefur sex kauplausum dögum verið bætt þar við.

En hvað um verkamenn almennt. Meðfylgjandi súlurit skýrir þeirra vöntun á „tafalausum árangri af atkvæði greiddu Alþýðubandalaginu“.

Skýringar með súluriti:

Kauptaxtar verkamanna (taxtavisitala verkamanna) hafa hækkað um 431.09% frá 1. júní 1977 (þegar sólstöðusamningarnir komu til framkvæmda) til 1. mars 1981 og er þá reiknað með 3% grunnkaupshækkun 23. júní 1979 og 12% grunnkaupshækkun 27. okt. 1980. Súla 1 sýnir þessa hækkun, sem orðið hefur.

Miðað við að sólstöðusamningarnir hefðu verið settir í gildi 1. desember 1978 þegar atkvæði greitt Alþýðubandalaginu hafði skilað þeim tafarlaus árangri, að Alþýðubandalagið var komið í ríkisstjórn, og þeir kjarasamningar fengið að njóta sín síðan, þá hefðu kauptaxtar verkamanna átt að hækka um 554.27% frá 1. júlí 1977 til 1. mars 1981, og eru þá framangreindar grunnkaupshækkunir að sjálfsögðu meðtaldar. Súla 2 sýnir þá hækkun á verkamannakaupinu, sem hefði átt að vera.

Mismunurinn á þessu tvennu — 431.09% hækkun, sem varð, og 554.27% hækkun, sem hefði átt að vera — kemur fram við samanburð á þessum tveimur súlum. Sá mismunur nemur 28.57% af núverandi kaupi verkamanns. Íslenskan verkamann vantar sem sé 28.57% upp á kaupið sitt til þess að atkvæði greitt Alþýðubandalaginu vorið 1978 hafi skilað þeim tafarlaus árangri, sem lofað var. Getur hann sent Alþýðubandalaginu reikninginn og krafist borgunar?

Af þessari kaupvöntun var 3% mætt með svonefndum félagsmálapakka haustið 1978, 2% með skattamálapakka, 15.6% komu bóttalaust á tímabilinu og 6.61% var svo bætt við með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar um sl. áramót.

Fylgiskjal IV.

KAUPTAXTAR VERKAMANNA

eins og þeir eru og eins og þeir hefðu orðið ef ríkisstjórnin hefði ekki sett kaupráns-lög sín um s. l. áramót.

Kauptaxtar. Gilda frá 1. mars 1981.

6. flokkur A:

Vinna verkamanna 16 ára og eldri, sem ekki er annars staðar talin og ekki á sér greinilegar hliðstæður í öðrum töxtum. Almenn garðyrkjjustörf að sumarlagi.

	Vikuk.	Eins og kaupið er:		
		Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	868.40	21.71	30.39	39.08
Eftir 1 ár	883.60	22.09	30.93	39.76
Eftir 4 ár	911.60	22.79	31.91	41.02
		Eins og það ætti að vera:		
	925.60	23.14	32.40	41.65
	942.00	23.55	32.97	42.39
	972.40	24.31	34.03	43.76

7. flokkur A:

Dagleg ræsting. Stjórn á dráttartækjum dreginnar vegþjöppu. Stjórn á sjálfkeyrandi valtara. Vélgæsla á togurum í höfn.

	Vikuk.	Eins og kaupíð er:		
		Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	886.00	22.15	31.01	39.87
Eftir 1 ár	901.60	22.54	31.56	40.57
Eftir 4 ár	930.40	23.26	32.56	41.87
		Eins og það ætti að vera:		
	944.40	23.61	33.05	42.50
	960.80	24.02	33.63	43.24
	991.60	24.79	34.71	44.62

8. flokkur A:

Fiskvinna (sjá 9. og 10. fl.). Hafnarvinna (skipavinna, vinna í pakkhúsum skipafélaga). Vinna í sláturhúsum. Almenn vinna í afurðasölum og hliðstæðum vinnustöðum. Vinna við kjötvinnsluvélar. Jarðvinna með handverkfærum. Vinna við fóðurbíöndunarvélar. Vinna við að steypa götukanta og gangstéttar. Næturvarðmenn í skipum (sjá gr. 17.1.2. í samn.).

	Vikuk.	Eins og kaupíð er:		
		Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	903.60	22.59	31.63	40.66
Eftir 1 ár	919.60	22.99	32.19	41.38
Eftir 4 ár	948.80	23.72	33.21	42.70
		Eins og það ætti að vera:		
	963.20	24.08	33.71	43.34
	980.00	24.50	34.30	44.10
	1.011.60	25.29	35.41	45.52

9. flokkur A:

Almenn skreiðarvinna. Vinna við frystitæki og í klefum. Vinna í frystilestum skipa. Vinna í frystiklefum sláturhúsa og matvælageymslna. Almennir byggingaverkamenn. Vinna við holræsalagnir. Vindu- og lúgumenn, sem hafa hæfnisskírteini frá Öryggiseftirliti ríkisins. Stjórn lyftara. Stjórnendur þungavinnuvéla fyrstu 4 mán. (sjá 10., 13. og 14. flokk).

	Vikuk.	Eins og kaupíð er:		
		Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	921.60	23.04	32.26	41.47
Eftir 1 ár	937.60	23.44	32.82	42.19
Eftir 4 ár	967.60	24.19	33.87	43.54
		Eins og það ætti að vera:		
	982.80	24.57	34.40	44.23
	1.000.00	25.00	35.00	45.00
	1.031.60	25.79	36.11	46.42

10. flokkur A:

Aðgerðarvinna. Spyrðing og upphenging skreiðar. Vinna við saltfisk og saltsild. Bifreiðastjórn, enda sé heildarþungi bifreiðar tíu tonn eða minni. Stjórnendur þungavinnuvéla eftir 4 mánuði, sem ekki hafa lokið námskeiði (sjá 13. og 14. fl.). Úrbeinun í kjötvinnslustöðvum og vinna við garnahreinsun og í gorklefum. Aðal-

hreingerning í húsum og farskipum og hreingerning í farþegaskipum. Sementsvinna (uppskipun, hleðsla þess í pakkhúsi og mæling í hrærivél). Vinna við kalk, krít og leir í sömu tilfellum og sementsvinna. Kolavinna og uppskipun á salti. Vinna við malbikun og olíumöl.

	Eins og kaupid er:			
	Vikuk.	Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	940.00	23.50	32.90	42.30
Eftir 1 ár	956.40	23.91	33.47	43.04
Eftir 4 ár	987.20	24.68	34.55	44.42
	Eins og það ætti að vera:			
	1.002.00	25.05	35.07	45.09
	1.019.60	25.49	35.69	45.88
	1.052.40	26.31	36.83	47.36

11. flokkur A:

Öll vinna við afgreiðslu á togurum. Uppskipun á fiski úr bátum. Vinna við síldar- og fiskimjölsverksmiðjur. Vinna í lýsishreinsunarstöðvum, þ. m. t. hreinsun með vítissóða í þeim stöðvum. Slippvinna (svo sem setning, hreinsun á skipum, málun og smurning). Stjórn vörubifreiða yfir 10 tonn til og með 16 tonna heildarþunga og stjórn vörubifreiða þó minni séu í flutningum á þungavöru (sekkja- og kassavöru) ef bifreiðarstjórinn vinnur einnig við fermingu og affermingu bifreiðarinnar. Aðstoðarmenn í fagvinnu, þó ekki í byggingariðnaði (sjá 13. fl.). Ryðhreinsun með rafmagnstækjum. Hreingerning í bátum. Vinna á smurstöðvum.

	Eins og kaupid er:			
	Vikuk.	Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	958.80	23.97	33.56	43.15
Eftir 1 ár	975.60	24.39	34.15	43.90
Eftir 4 ár	1.006.80	25.17	35.24	45.31
	Eins og það ætti að vera:			
	1.022.40	25.56	35.78	46.01
	1.040.00	26.00	36.40	46.80
	1.073.60	26.84	37.58	48.31

12. flokkur A:

Stjórn vörubifreiða yfir 16 tonn að 23 tonna heildarþunga. Hjólbarðaviðgerðir. Borun og fleygun með loftþrýstítækjum.

	Eins og kaupid er:			
	Vikuk.	Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	978.00	24.45	34.23	44.01
Eftir 1 ár	995.20	24.88	34.83	44.78
Eftir 4 ár	1.026.80	25.67	35.94	46.21
	Eins og það ætti að vera:			
	1.042.80	26.07	36.50	46.93
	1.060.80	26.52	37.13	47.78
	1.111.60	27.79	38.91	50.02

13. flokkur A:

Aðstoðarmenn í fagvinnu í óþægilegum og/eða óþrífalegum störfum, þó ekki í byggingariðnaði. Vinna löggiltra sprengimanna. Vinna við borvagna og fallhamra við hafnarvinnu og brúargerð.

	Vikuk.	Eins og kaupið er:		
		Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	997.60	24.94	34.92	44.89
Eftir 1 ár	1.015.20	25.38	35.53	45.68
Eftir 4 ár	1.047.60	26.19	36.67	47.14
		Eins og það ætti að vera:		
	1.063.60	26.59	37.23	47.86
	1.082.00	27.05	37.87	48.69
	1.116.80	27.92	39.09	50.26

14. flokkur A:

Vinna, sem framkvæmd er úr færanlegum stigum eða á vinnuþöllum, yfir 5 m hæð frá gólfi eða jörð. Þetta gildir þó ekki, ef unnið er á vinnuþöllum, sem eru viðurkenndir af Öryggiseftirliti (Vinnueftirliti) ríkisins.

	Vikuk.	Eins og kaupið er:		
		Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	1.017.60	25.44	35.62	45.79
Eftir 1 ár	1.035.60	25.89	36.25	46.60
Eftir 4 ár	1.068.80	26.72	37.41	48.10
		Eins og það ætti að vera:		
	1.084.80	27.12	37.97	48.82
	1.103.60	27.59	38.63	49.66
	1.138.80	28.47	39.86	51.25

15. flokkur A:

Vinna með sandblásturstækjum, þó ekki við sjálfvirk lokuð kerfi. Vinna í kötlum og skipstönkum og undir vélum í skipum. Hreinsun bensín- og oliugeyma að innan. Múrbrot á veggjum með lofthömrum og múrbrot á steinsteyptum flötum innanhúss. Vinna við gömul holræsi, í brunnnum og við holræsa-hreinsun. Vinna við út- og uppskipun á tjöru- og karbolínbornum staurum. Málmhúðun, þ. e. heit sprautu-úðun og heit baðúðun. Málun skipa með loftþrýstisprautum.

	Vikuk.	Eins og kaupið er:		
		Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	1.042.00	26.05	36.47	46.89
Eftir 1 ár	1.060.40	26.51	37.11	47.72
Eftir 4 ár	1.094.40	27.36	38.30	49.25
		Eins og það ætti að vera:		
	1.090.80	27.77	38.88	49.99
	1.130.40	28.26	39.56	50.87
	1.166.40	29.16	40.82	52.49

13. flokkur B:

Stjórnendur þungavinnuvéla að afloknu námskeiði (sjá 14. fl.). Bifreiðastjórar steypubifreiða hjá steypustöðvum.

	Vikuk.	Eins og kaupið er:		
		Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	997.60	24.94	34.92	44.89
Eftir 1 ár	1.017.20	25.43	35.60	45.77
Eftir 2 ár	1.036.40	25.91	36.27	46.64
Eftir 3 ár	1.055.60	26.39	36.95	47.50
Eftir 5 ár	1.074.80	26.87	37.62	48.37
Eftir 6 ár	1.094.00	27.35	38.29	49.23
		Eins og það ætti að vera:		
	1.063.60	26.59	37.23	47.86
	1.084.40	27.11	37.95	48.80
	1.104.80	27.62	38.67	49.72
	1.125.60	28.14	39.40	50.65
	1.145.60	28.64	40.10	51.55
	1.166.00	29.15	40.81	52.47

14. flokkur B:

Stjórnendur stórvirkra þungavinnuvéla (skv. nánara samkomulagi samningsaðila um skilgreiningu) að afloknu námskeiði.

	Vikuk.	Eins og kaupið er:		
		Dv.	Ev.	Nv.
Byrjunarlaun	1.017.60	25.44	35.62	45.79
Eftir 1 ár	1.037.60	25.94	36.32	46.69
Eftir 2 ár	1.057.20	26.43	37.00	47.57
Eftir 3 ár	1.076.80	26.92	37.69	48.46
Eftir 5 ár	1.096.80	27.42	38.39	49.36
Eftir 6 ár	1.116.00	27.90	39.06	50.22
		Eins og það ætti að vera:		
	1.084.80	27.12	37.97	48.82
	1.106.00	27.65	38.71	49.77
	1.126.80	28.17	39.44	50.71
	1.147.60	28.69	40.17	51.64
	1.168.80	29.22	40.91	52.60
	1.189.60	29.74	41.64	53.54